Tíminn

MÁLSVARI FRJÁLSLYNDIS, SAMVINNU OG FÉLAGSHYGGJU

Útgefandi: Framsóknarflokkurinn og Framsóknarfélögin í Reykjavík

Framkvæmdastjóri: Kristinn Finnbogason
Ritstjóri: Níels Árni Lund
Aðstoðarritstjóri: Oddur Ólafsson
Fréttastjóri: Guðmundur Hermannsson
Aðstoðarfréttastjóri: Eggert Skúlason
Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason

Skrifstofur: Síðumúli 15, Reykjavík. Sími: 686300. Auglýsingasími: 18300. Kvöldsímar: Áskrift og dreifing 686300, ritstjórn 686392 og 686495, tæknideild 686538. Setning og umbrot: Tæknideild NT. Prentun: Blaðaprent h.f. Kvöldsímar: 686387 og 686306

Verð í lausasölu 45.- kr. og 50.- kr. um helgar. Áskrift 450.-

Íslenskar matvörur eru hreinar

Það vakti vissulega athygli þegar sú frétt barst hingað til lands að Svíar hefðu óskað eftir að kaupa grænmeti frá Íslandi. Fylgdi það fréttinni að Svíar vildu kaupa ógeislavirkt grænmeti og því leitað hingað.

Af þessum kaupum varð þó ekki nú þar sem verðið var allt of hátt.

Þessi fyrirspurn kemur í kjölfar kjarnorkuslyssins í Chernobyl og afleiðinga þess. Við slysið barst geislavirkni yfir Skandinavíu og önnur Evrópulönd svo sem kunnugt er af fréttum.

Þessi fyrirspurn Svíanna er athyglisverð fyrst og fremst að því leyti, að líklega er þetta í fyrsta skipti sem það hefur komið til greina að okkar nágrannaþjóðir kaupi grænmeti af Íslendingum.

Því hefur oftar en einu sinni verið haldið fram af andstæðingum landbúnaðar hér á landi að miklu æskilegra væri að við hættum framleiðslu á landbúnaðarvörum þ.á.m. mjólk, en flyttum þess í stað þessar vörur inn frá öðrum löndum.

Þessum makalausa áróðri hefur margoft verið svarað og því harðlega mótmælt að það væri rétt stefna að þurfa að vera upp á aðrar þjóðir komin með fæðuöflun. Samt er það svo að þessi skefjalausi áróður hefur haft áhrif og til eru þeir menn sem meina það í fullri alvöru að réttast væri að leggja alfarið niður landbúnað hér á landi.

Slysið í Chernobyl og afleiðingar þess sýna okkur betur en nokkuð annað hversu hættuleg sú stefna væri ef henni væri framfylgt.

Vissulega eru skilyrði til landbúnaðarframleiðslu hér á landi ekki þau bestu í heiminum nema síður sé og í mörgum tilfellum er það undravert hvaða árangri við náum miðað við þær ytri aðstæður sem við búum við. Harða veðráttu og hrjóstrugt landslag. Þessi atriði eru einmitt þess valdandi að landbúnaðarframleiðslan hér er dýr og stenst ekki samkeppni í verði við sambærilegar vörur erlendis frá.

En okkar framleiðsluvörur hafa líka ótvíræða kosti fram yfir margar aðrar.

Hreint loft og hreint gras gefur af sér hreinar náttúruafurðir sem við getum verið stolt yfir.

Þegar aðrar þjóðir verða að henda sínum afurðum sökum mengunar og nú síðast af völdum banvænnar geislunar getum við óhrædd notið okkar afurða.

Enda þótt slysið í Chernobyl verði vonandi einsdæmi sýnir það okkur þó við hverju má búast ef svipað slys henti aftur, hvað þá ef það yrði í helstu landbúnaðarhéruðum EBE landanna. Vera má að þá settu þær þjóðir ekki fyrir sig hátt verð á framleiðsluvörum héðan ef þær teldust ómengaðar. Og vera má að þeir sem hingað til hafa boðað að innlendri landbúnaðarframleiðslu skuli hætt en í þess stað keyptar vörur erlendis frá kysu einnig fremur þær íslensku.

Við Íslendingar þurfum að taka þessi mál til enn frekari skoðunar. Í landbúnaði þarf margt að athuga og staðreynd er að offramleiðsla er nú á flestum landbúnaðarvörum. Hitt er svo aftur annað mál hvort ekki megi enn frekar kynna sérstöðu okkar landbúnaðarafurða í hvaða formi sem þær eru á erlendum vettvangi.

Fyrirspurn Svíanna og aðrar afleiðingar kjarnorkuslyssins í Chernobyl gefa ástæðu til þess.

En umfram allt þarf að vekja íslensku þjóðina til umhugsunar um gildi þess að Íslendingar séu sjálfum sér nógir um fæðu en þurfi ekki að vera upp á aðrar þjóðir komnir um slíkt. Stefna sem boðar annað er hættuleg og er í raun landráðastefna.

GARRI

Kastast í kekki milli DV og Mbl.

Í Staksteinum Mbl. í gær fá ritstjórar Dagblaðsins Vísis ákúrur fyrir skrif sín um kosningaúrslitin. Einkum svíður Staksteinahöfundi sú fullyrðing DV að meirihluti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík hefði fallið, ef kosningabaráttan hefði fengið að standa nokkru lengur.

Í Staksteinum segir m.a.:

„Eins og mönnum mátti vera ljóst fyrir kjördag töldu DV-menn á tímabili að minnsta kosti, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði tapað meirihlutanum í Reykjavík eftir að hann ákvað að senda ekki fulltrúa á framboðsfund DV. Í forystugrein DV á þriðjudag mátti lesa eftirfarandi klausu: „Varnarsigur Davíðs í Reykjavík er ekki dæmi um áhrifamátt fjölmiðla. Skoðanakannanir margra aðila sýndu, að sigur hans hefði orðið mikill, ef kosningarnar hefðu verið háðar, áður en kosningabaráttan hófst. Ef hún hefði orðið lengri, hefði hann fallið,"

Strax fyrsta orð í hinum tilvitnaða texta gefur til kynna, að höfundur forystugreinarinnar setji sig í annarlegar stellingar, þegar hann lítur á úrslit kosninganna í Reykjavík. Jafnvel í málgögnum yfirlýstra andstæðinga Sjálfstæðisflokksins er ekki skrifað þannig um úrslitin í Reykjavík. Meira að segja Þjóðviljinn segir, að í Reykjavík hafi Sjálfstæðisflokkurinn unnið „góðan sigur". DV er auðvitað enn með hugann við hinn misheppnaða framboðsfund sinn, sem fáir sóttu, af því að Sjálfstæðisflokkinn vantaði."





Björn Bjarnason. Jónas Kristjánsson. – Nú kastast í kekki þeirra á milli.

Neyðarópið

Árni Bergmann ritstjóri Þjóðviljans hefur þetta að segja um kosningabaráttu Morgunblaðsins síðustu daga fyrir kosningar:

„Neyðaróp Morgunblaðsins síðustu dagana nísti inn í merg Reykjavíkuríhaldsins. Meirihlutinn, sem auðvitað var aldrei í hættu nema í taugaveikluðum hugum kjörstjóra íhaldsins, bjargaðist. En það sem tapaðist við þetta var hins vegar ásýnd Morgunblaðsins. Blaðið hefur ástundað að telja þjóðinni trú um að í rauninni væri það ekki lengur flokkslegt málgagn Sjálfstæðisflokksins. Eftir þessa kosningabaráttu verður aldrei hægt að telja nokkrum hugsandi manni trú um það. Kosningabaráttan skilaði Morgunblaðinu nokkrum áratugum aftur í tímann.

Flokkurinn hefur aftur eignast Prövdu.





Þorsteinn. Davíð.

Niðurlæging Þorsteins

Það vakti athygli í fréttum Morgunblaðsins af kosningaúrslitunum, hvernig blaðið gerði sér far um að niðurlægja Þorstein Pálsson, formann Sjálfstæðisflokksins. Að vísu hefur Morgunblaðið ekki farið giska dult með þá skoðun sína, að ráðherradómur Þorsteins hafi ekki skilað því sem til var ætlast. En Morgunblaðið hefur ævinlega sýnt foringja flokksins ákveðna lágmarkskurteisi. Hún er nú fokin út í veður og vind. Morgunblaðið sá nefnilega ástæðu til að geta þess sérstaklega í aðalfrétt blaðsins af kosningunum á forsíðu, að tapið hjá Sjálfstæðisflokknum hefði verið mest á því svæði, sem kjördæmi Þorsteins Pálssonar tekur meðal annars til.

Auðvitað vakir ekki nema eitt fyrir Morgunblaðinu með þessu. Blaðið er að leggja áherslu á, að Þorsteinn er veikur formaður. Hann tapar mestu fylgi. Hinn harðrökrétta niðurstaða er aðeins ein: Það þarf að skipta um formann.

Pravda á auðvitað sinn Gorbatsjef. Og þess verður skammt að bíða að hann verði leiddur á stall. Þangað til mun Morgunblaðsklíkan leyfa Þorsteini að rykfalla áfram í ráðuneytinu, sem hann virðist sjálfur hafa kosið sér að pólitískri gröf."

Garri.

VÍTT OG BREITT



Dómar sem vekja furðu

Kári Eiríksson listmálari hélt sýningu á Kjarvalsstöðum í síðasta mánuði. Venjulegur og ólærður áhugamaður um myndlist, sem gekk þar um sali, gat satt að segja ekki fundið þar neitt sem væri stórlega athugavert. Sýningin var með nokkuð samstæðu yfirbragði, myndirnar voru með áberandi sléttum bakgrunnum og mikið bar á skálægum strikaformum sem sköpuðu visst líf og fjör. Með öðrum orðum þá bar sýningin vott um lífsorku, kraft og býsna vel þjálfaða listamannshönd, og hún var síður en svo verri en margt sem hér hefur sést undanfarið.

En síðan komu blaðadómarnir, og þeir vöktu furðu. Sá fyrsti kom í DV hinn 12. maí. Þar var sýningin beinlínis kafskotin í heild. Talað var um sleikjur og slettur, og sagt að myndirnar væru í hópi þeirra listaverka sem hrinda frá sér áhorfendum.

Í Þjóðviljanum kom dómur 14. maí. Þar kvað við svipaðan tón og allt var rakkað niður. Myndirnar voru kenndar við afdalamennsku og þær kallaðar eltingarleikur við pjatt og prjál.

Í Morgunblaðinu 15. maí var enn slegið á sömu strengi, en að vísu með kurteislegri hætti. En þar var þó talað um léttunnin tæknibrögð, svipuð þeim sem megi sjá í myndverkum sem föl séu á markaðstorgum suðlægari landa, þar sem minjagripa- og afþreyingariðnaðurinn blómstri.

Hér er eiginlega heldur torvelt að skilja. Allir þrír gagnrýnendurnir ráðast á sýninguna, en enginn þeirra gerir sér samt það ómak að útskýra það nánar í hverju henni sé svo stórlega áfátt að réttlæti svo niðursallandi dóma.

Það er vitað að í öllum listgreinum ganga tískusveiflur stöðugt yfir. Raunar vill svo til að í sömu vikunni og þessir dómar birtust kom í DV ritdómur eftir Jón úr Vör um smásagnasafn eftir Þórunni Elfu sem máski er lærdómsríkur í þessu tilliti. Jón lýsir því þar hvernig hún hafi orðið fórnarlamb slíkra tískusveiflna í bókmenntunum. Framan af segir hann að hún hafi notið frægðar sem rithöfundur og þótt sjálfsagt að hún væri hæst metin þeirra kvenna sem hlutu opinbera styrki. Með rauðsokkutímunum, sem Jón nefnir svo, hafi þetta snúist við. Þá hafi verk af því tagi, sem hún samdi, misst aðdráttaraflið og henni verið ýtt til hliðar.

Hér er annars ekki ætlunin að bera saman listsköpun þeirra Þórunnar Elfu og Kára Eiríkssonar. En dæmin sýna að í myndlist jafnt sem bókmenntum eiga öldutoppar tískunnar það til að rísa og falla á víxl. Og gagnrýnendur, jafnt í myndlist sem bókmenntum, verða stöðugt að vera á verði gegn því að persónuleg hrifni þeirra af einhverri einni tískustefnu rugli þá í ríminu. Listdómari, sem er starfi sínu vaxinn, gætir þess að lyfta sér upp yfir öldugang tískunnar og skoða málin í víðara samhengi.

Með hliðsjón af þessu er óhjákvæmilegt að spyrja hvort hjá þessum listdómurum ráði einhver tískustefna ferðinni, sem verk Kára Eiríkssonar falli ekki að. Það er töluvert stór hópur fólks sem hefur ánægju af því að skoða verk hans, og jafnvel að kaupa þau og hengja þau upp í híbýlum sínum. Það er eiginlega ekki hægt að sjá að fullnægjandi rök fyrir því, að allt þetta fólk hafi rangt fyrir sér, hafi enn komið fram.

–esig.